

NMÍ-umsögn nr.: U14-05

Gildistímalok: 11. júní 2022

- NMÍ-UMSÖGN -

Vörulýsing:	Einangrunarplast úr þöndu pólýstýreni (ESP) til varmacinangrunar bygginga.
Vöruheiti:	Einangrunarplast 01 16-18 KG, 01 25 KG og 01 30 KG, þ.e. alls þrjár gerðir.
Umsagnarhafi:	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
Framleiðandi:	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
Staðfestingargögn:	1. Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, dags. 21. október 2009, verkefnisnúmer 2HG09620, <i>Upphafsgerðarprófun</i> , sem staðfestir samræmi við staðalinn ÍST EN 13163:2008, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar, heimild 1. 2. Yfirlýsingar um nothæfi, útgefnar af framleiðanda í júní 2014, heimild 2.

Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 39. gr. 2. Byggingareglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

Forsendur, fyrirvarar og ábendingar


- Varan skal vera merkt heiti sínu eða auðkenni, heiti eða auðkenni og aðsetri framleiðandans, framleiðsludagsetningu eða -kóða, flokki viðbragðs við eldi, yfirlýstu varmaviðnámi og -leiðni, nafnþykkt, skilgreiningarkóða, nafnlengd og -breidd, fjölda stykkja eða flatarmáli í pakka; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar, númeri ofangreinds staðals og tilkynnts aðila.
- Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast tilkynnts aðila einungis til að annast upphafsgerðarprófun; þessu samkvæmt er ekkert vottorð gefið út.
- Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindum *Yfirlýsingum um nothæfi*.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir einangrunarplast til umræddra nota.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem einangrunarplastíð er staðsett.

Umsagnarorð

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem varmacinangrun. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar. Umsögn þessi er framlenging á gildistíma NMÍ-umsagnar nr. U14-05, útg. 9. júlí 2014.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur framlengingar: 11. júní 2019



Ólafur H. Wallevik,

Forstöfumaður Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins.

- Heimildir:**
1. Upphafsgerðarprófunarskýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (4 bls.).
 2. Yfirlýsingar framleiðanda um nothæfi (3 bls.).